# REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 740/2008

**2014/EES/12/34**

**frá 29. júlí 2008**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1418/2007 að því er varðar verklagsreglur sem ber að fylgja við útflutning á úrgangi til tiltekinna landa** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs([1]), einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 37. gr.,

að höfðu samráði við hlutaðeigandi lönd,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Fjarlægja skal alla tvíræðni að því er varðar gildissvið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 varðandi tilflutning úrgangs ef land hefur í svari sínu við beiðni framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006, gefið til kynna að það vilji hvorki banna þennan tilflutning né beita um hann málsmeðferðinni um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki eins og lýst er í 35. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Framkvæmdastjórninni hafa borist svör frá Bosníu og Hersegóvínu, Íran og Tógó við skriflegri beiðni sinni um að fá skriflega staðfestingu á því að flytja megi út úrgang, sem er tilgreindur í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og sem útflutningur á er ekki bannaður skv. 36. gr. hennar, frá Bandalaginu til endurnýtingar í þessum löndum og um að fá upplýsingar um þá eftirlitsaðferð sem verður hugsanlega notuð í viðtökulandinu. Framkvæmdastjórninni hafa einnig borist frekari upplýsingar í tengslum við Fílabeinsströndina, Malasíu, Moldóvu([2]), Rússland og Úkraínu. Því ber að breyta viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007([3]) til að taka tillit til þess.

3) Ríkisstjórn Liechtenstein hefur bent á að líta beri á Liechtenstein sem land sem fellur undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Ákvæði 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 gilda því ekki um það land og því ber að fella Liechtenstein brott úr viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007.

4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 1418/2007 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 1418/2007 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 1. gr. a bætist við:

   *„1. gr. a*

   Ef land gefur til kynna í svari sínu við skriflegri beiðni frá framkvæmdastjórninni, í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006, að að því er varðar tiltekinn tilflutning á úrgangi muni það hvorki banna hann né beita málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki eins og lýst er í 35. gr. þeirrar reglugerðar skal 18. gr. þeirrar reglugerðar gilda, að breyttu breytanda, um slíkan tilflutning.“

2. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á fjórtánda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júlí 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Peter MANDELSON

*framkvæmdastjóri.*

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2008 (Stjtíð. ESB L 188, 16.7.2008 bls. 7).

([2]) Styttra heitið „Moldóva“ er notað til að tákna Lýðveldið Moldóvu.

([3]) Stjtíð. ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6.

*VIÐAUKI*

*Athugasemd*: Ákvæði 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 gilda um c- og d-dálk í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007 í krafti 1. gr. þessarar reglugerðar.

1. Í stað d-liðar í textanum, sem kemur á undan upplýsingum um landið, komi eftirfarandi:

„d) öðrum eftirlitsaðferðum verður fylgt í viðtökulandinu samkvæmt gildandi landslögum.“

2. Á eftir færslunni fyrir Benín bætist eftirfarandi færsla við:

**„Bosnía og Hersegóvína**

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | | B3020 | |
| | allur annar úrgangur sem er tilgreindur í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006“ | | |

3. Á eftir færslunni fyrir Kostaríku bætist eftirfarandi færsla við:

**„Fílabeinsströndin (Lýðveldið Fílabeinsströndin)**

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | undir B1010:<br>allur annar úrgangur | | undir B1010<br>— eðalmálmar (gull, silfur og platínuflokkurinn, þó ekki kvikasilfur) |
| B1020 – B2120 | | | |
| | B2130 | | |
| | | | B3010 – B3020 |
| | undir B3030<br>allur annar úrgangur | | undir B3030<br>— úrgangur (einnig afkembur, garnúrgangur og forkembd textílefni) úr gervitrefjum<br>— notaður fatnaður og aðrar notaðar textílvörur<br>— notaðar tuskur, úrgangur úr seglgarni, snærum, böndum og köðlum og úr sér gengnar textílvörur úr seglgarni, snæri, böndum og köðlum |
| | B3035 – B3130 | | |
| | | | B3140 |
| | B4010 – B4030 | | |
| GB040 7112<br>262030<br>262090 | | | |

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | GC010 | | |
| | GC020 | | |
| GC030 úr 890800 | | | |
| GC050 | | | |
| | GE020 úr 7001<br>úr 701939 | | |
| | GF010 | | |
| | GG030 úr 2621 | | |
| | GG040 úr 2621 | | |
| | GH013 391530<br>úr 390410-40 | | |
| | GN010 úr 050200 | | |
| | GN020 úr 050300 | | |
| | GN030 úr 050590“ | | |

4. Færslan fyrir Liechtenstein falli brott.

5. Á eftir færslunni fyrir Indónesíu bætist eftirfarandi færsla við:

**„Íran (Íslamska lýðveldið Íran)**

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | B1010 – B1090 | | |
| úr B1100:<br>— eftirfarandi sindur sem inniheldur sink:<br>— sinksindur sem fellur til við heitgalvanhúðun (> 92% Zn)<br>— sinkskúm<br>— álskúm, þó ekki saltgjall<br>— úrgangur úr eldföstum fóðringum, einnig deiglum, sem falla til við bræðslu kopars<br>— gjall sem fellur til við vinnslu eðalmálma og er ætlað til frekari hreinsunar<br>— tingjall sem inniheldur tantal og minna en 0,5% tin | úr B1100:<br>— harðsinksúrgangur<br>— eftirfarandi sindur sem inniheldur sink:<br>— galvanhúðunarsindur, yfirborð (> 90% Zn)<br>— galvanhúðunarsindur, botn (> 92% Zn)<br>— sindur sem fellur til við sinksteypu (> 85% Zn) | | |

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| B1115 | | | |
| | B1120 – B1150 | | |
| B1160 – B1210 | | | |
| | B1220 – B2010 | | |
| B2020 – B2130 | | | |
| | B3010 – B3020 | | |
| B3030 – B3040 | | | |
| undir B3050:<br>— korkúrgangur: brotinn, kornaður eða malaður korkur | undir B3050:<br>— viðarúrgangur og rusl, einnig mótað í boli, kubba, köggla eða áþekka mynd | | |
| B3060 – B3070 | | | |
| | B3080 | | |
| B3090 – B3130 | | | |
| | B3140 | | |
| B4010 – B4030 | | | |
| | GB040 7112<br>262030<br>262090 | | |
| GC010 | | | |
| GC020 | | | |
| GC030 úr 890800 | | | |
| GC050 | | | |
| GE020 úr 7001<br>úr 701939 | | | |
| GF010 | | | |
| GG030 úr 2621 | | | |
| GG040 úr 2621 | | | |
| GH013 391530<br>úr 390410-40 | | | |
| GN010 úr 050200 | | | |
| GN020 úr 050300 | | | |
| GN030 úr 050590“ | | | |

6. Á eftir færslunni fyrir Taíland bætist eftirfarandi færsla við:

**„Tógó (Lýðveldið Tógó)**

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | | | undir B3010:<br>— plastrusl úr eftirfarandi óhalógenuðum fjölliðum og samfjölliðum:<br>— pólýprópýlen<br>— pólýetýlentereþalat |
| | allur annar úrgangur sem er tilgreindur í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006“ | | |

7. Á eftir færslunni fyrir Túnis bætist eftirfarandi færsla við:

**„Úkraína**

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | | B2020 | |
| | | B3010; B3020 | |
| | allur annar úrgangur sem er tilgreindur í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006“ | | |

8. Færslan fyrir Fílabeinsströndina falli brott.

9. Í stað færslunnar fyrir Malasíu komi eftirfarandi:

**„Malasía**

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| undir B1010:<br>— nikkelrusl<br>— sinkrusl<br>— volframrusl<br>— tantalrusl<br>— magnesíumrusl<br>— títanrusl<br>— manganrusl<br>— germaníumrusl<br>— vanadíumrusl<br>— hafníum-, indíum-, níóbíum-, reníum- og gallíumrusl<br>— lantaníðarusl<br>— krómrusl | undir B1010:<br>— mólýbdenrusl<br>— kóbaltrusl<br>— bismútrusl<br>— sirkonrusl<br>— þóríumrusl | undir B1010<br>— eðalmálmar (gull, silfur og platínuflokkurinn, þó ekki kvikasilfur)<br>— rusl úr járni og stáli<br>— koparrusl<br>— álrusl<br>— tinrusl | |

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| B1020 – B1090 | | | |
| úr B1100:<br>allur annar úrgangur | | úr B1100:<br>— harðsinksúrgangur<br>— sinkskúm | |
| | | B1115 | |
| B1120 – B1140 | | | |
| | | B1150 | |
| B1160 – B1190 | | | |
| | | B1200; B1210 | |
| B1220 – B1240 | | | |
| | | B1250 – B2030 | |
| undir B2040:<br>— kalsíumsúlfat, að hluta hreinsað, framleitt við brennisteinshreinsun útblásturs<br>— gjall frá koparframleiðslu, efnafræðilega stöðgað og járnríkt (yfir 20% járninnihald) og unnið í samræmi við iðnaðarforskriftir (t.d. DIN 4301 og DIN 8201), einkum ætlað til notkunar í byggingar og til notkunar við slípun | | undir B2040:<br>allur annar úrgangur | |
| | | B2060 | |
| B2070; B2080 | | | |
| | | B2090 | |
| B2100 | | | |
| | | B2110 – B2130 | |
| | | | B3010 |
| | | B3020 – B3035 | |
| B3040 | | | |

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | undir B3050:<br>— viðarúrgangur og rusl, einnig mótað í boli, kubba, köggla eða áþekka mynd | undir B3050:<br>— korkúrgangur: brotinn, kornaður eða malaður korkur | |
| | undir B3060:<br>— þurrkaður og dauðhreinsaður úrgangur, leifar og aukaafurðir úr jurtaríkinu, einnig í kögglum, af því tagi sem er notað sem fóður, ót.a. (eingöngu rísklíð og aðrar aukaafurðir undir 2302 20 100/900)<br>— úrgangur úr beinum og sló úr hornum, óunnin, fituhreinsuð, lauslega tilreidd (en ekki tilskorin) meðhöndluð með sýru eða gelatínsneydd<br>— hýði, himnur og annar úrgangur úr kakóbaunum<br>— annar úrgangur sem fellur til í matvælaiðnaði í landbúnaðargeiranum, nema aukaafurðir sem fullnægja landsbundnum og alþjóðlegum kröfum og stöðlum sem varða matvæli og fóður | | undir B3060:<br>— þurrkaður og dauðhreinsaður úrgangur, leifar og aukaafurðir úr jurtaríkinu, einnig í kögglum, af því tagi sem er notað sem fóður, ót.a. (eingöngu rísklíð og aðrar aukaafurðir undir 2302 20 100/900)<br>— annar úrgangur sem fellur til í matvælaiðnaði í landbúnaðargeiranum, nema aukaafurðir sem fullnægja landsbundnum og alþjóðlegum kröfum og stöðlum sem varða matvæli og fóður |
| | | B3065 – B3140 | |
| B4010 | | | |
| | | B4020 | |
| B4030 | | | |
| GB040 7112<br>262030<br>262090: | | | |
| GC010 | | | |
| GC020 | | | |
| GC030 úr 890800 | | | |
| GC050 | | | |
| | | GE020 úr 7001<br>úr 701939 | |
| | | GF010 | |
| GG030 úr 2621 | | | |

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| GG040 úr 2621 | | | |
| GH013 391530<br>úr 390410-40 | | | |
| | GN010 úr 050200 | | GN010 úr 050200 |
| | GN020 úr 050300 | | GN020 úr 050300 |
| | GN030 úr 050590 | | GN030 úr 050590“ |

10. Í stað færslunnar fyrir Moldóvu komi eftirfarandi:

**„Moldóva (Lýðveldið Moldóva)**

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | | | B1010 |
| | | | B2020 |
| undir B3020:<br>allur annar úrgangur | | | undir B3020:<br>— óbleiktur pappír eða pappi eða úr bylgjupappír eða -pappa<br>— annars konar pappír eða pappi, að mestu úr bleiktu, efnafræðilega unnu mauki, ekki gegnlitaður<br>— pappír eða pappi, að mestu úr vélunnu mauki (t.d. dagblöð, tímarit og áþekkt prentað efni) |
| allur annar úrgangur sem er tilgreindur í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006“ | | | |

11. Í stað færslunnar fyrir Rússland komi eftirfarandi:

**„Rússland (Rússneska sambandsríkið)**

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | | | B1010 – B2120 |
| B2130 | | | |
| | | | B3010 – B3030 |
| B3035; B3040 | | | |
| | | | B3050 – B3070 |
| B3080 | | | |

| a | b | c | d |
|---|---|---|---|
| | | | B3090 |
| B3100 | | | |
| | | | B3110 – B3130 |
| B3140 | | | |
| | | | B4010 – B4030 |
| | | | GB040 7112<br>262030<br>262090 |
| | | | GC010 |
| | | | GC020 |
| | | | GC030 úr 890800 |
| | | | GC050 |
| GE020 úr 7001 | | | GE020 úr 701939 |
| | | | GF010 |
| | | | GG030 úr 2621 |
| | | | GG040 úr 2621 |
| | | | GH013 391530<br>úr 390410-40 |
| | | | GN010 úr 050200 |
| | | | GN020 úr 050300 |
| | | | GN030 úr 050590“ |